

REGLUGERÐ

um námsstjórn.

I. KAFLI

Um skipan námsstjórnar.

1. gr.

Landinu er skipt í sex eftirlitssvæði að því er barnafræðslu varðar, þannig:

- 1) *Reykjavík*,
- 2) *Reykjanessvæði*, er nær frá Krýsuvík að Botnsá í Hvalfirði,
- 3) *Vesturlandssvæði*, er nær frá Botnsá að Hrútafjarðará,
- 4) *Norðurlandssvæði*, er nær frá Hrútafjarðará til Raufarhafnar, að henni meðtalinni.
- 5) *Austurlandssvæði*, er nær frá Raufarhöfn að Skeiðará, og
- 6) *Suðurlandssvæði*, er nær frá Skeiðará að Krýsuvík, þar með taldar Vestmannaeyjar.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður einn námsstjóra fyrir hvert framangreindra svæða til allt að fimm ára í senn, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

3. gr.

Heimilt er án sérstakrar þóknunar að fela námsstjórum barnafræðslunnar einnig eftirlit með fræðslu unglinga á skyldufræðslustigi, þar sem unglingafræðsla fer fram undir stjórn viðkomandi barnaskólustjóra.

4. gr.

Heimilt er að ráða námsstjóra fyrir skóla gagnfræðastigsins til allt að fimm ára í senn. Þeir námstjórar annast námsstjórn í bóklegum og verklegum greinum, eftir nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er án sérstakrar þóknunar að fela námsstjórum gagnfræðastigsins að annast námsstjórn í barnaskólum eftir því, sem ástæða þykir til, að fengnu samþykki stjórnar Sambands íslenzkra barnakennara.

5. gr.

Heimilt er að ráða einn námsstjóra til allt að fimm ára í senn, eða verja einum námsstjórallaunum árlega til þess að annast námsstjórn í hússtjórn og skyldum námsgreinum í þeim skólum, þar sem þær greinar eru kenndar, svo sem hús-mæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins.

6. gr.

Þeir, sem ráðnir eru til þess að annast námsstjórn, skulu fá launalaust leyfi frá þeim störfum, er þeir hafa á hendi, en taki þess í stað þau laun, sem námsstjórum eru ákveðin í kjarasamningi starfsmanna ríkisins og fái greiddan ferðakostnað eftir þeim reglum, er þar um gilda á hverjum tíma.

7. gr.

Námsstjórar eru starfsmenn ríkisins og hafa réttindi og skyldur samkvæmt því.

8. gr.

Námsstjórar heyra undir embætti fræðslumálastjóra og skulu vera embætti hans til aðstoðar við framkvæmd skólamála, hver í sínu umdæmi.

II. KAFLI

Um störf námsstjóra.

9. gr.

Námsstjórar skulu hafa náð samstarf við fræðslumálastjóra um ferðir sínar og allt, er varðar meginatriði starfs þeirra. Þeir geri fræðslumálastjóra aðvart, ef um vandamál er að ræða í uppeldis- og skólamállum í umdæmi þeirra, svo og sé um atriði að ræða, er öðrum geti orðið til leiðbeiningar og fyrirmyndar.

10. gr.

Aðalverkefni námsstjóra fyrir skyldufræðslustigið eru þessi:

- (1) að athuga, hvort gildandi lögum, reglum, erindisbréfum og fyrirmælum fræðslumálastjórnar er framfylgt og gera fræðslumálastjóra aðvart, ef um vandkvæði í framkvæmd þeirra er að ræða.
- (2) að kynna sér starfsskilyrði kennara, aðbúð þeirra og nemenda, aðstæður til náms og árangur kennslu,
- (3) að kynna sér aga, stjórn og uppeldisáhrif skóla eftir föngum, samstarf skóla og heimila og félagsstörf skólanemenda,
- (4) að leiðbeina kennurum, skólanefndum og forráðamönnum nemenda um réttindi þeirra og skyldur og um allt það, er verða má nemendum til aukins þroska og manngildis og góðs árangurs af skóladvölinni,
- (5) að leysa eftir föngum úr ágreiningi, sem upp kann að koma milli þeirra aðila, er hlut eiga að skólastarfinu.
- (6) að athuga og gera tillögur um stærð skólahverfa, hvetja til samstarfs skóla og vinna að hagkvæmum breytingum á skipun og framkvæmd skólahalds,
- (7) að athuga dagbækur, prófbækur og nauðsynlegar skýrslur vegna skólahaldsins.

11. gr.

Námsstjórum skyldufræðslustigsins ber að athuga skólasókn og þá einkum eftirfarandi:

- (1) hvort skólaskyldir nemendur í skólahverfinu sækja skóla, en ef svo er ekki, skal kanna, hvort skólanefnd og skólastjóri hafa veitt undanþágu samkvæmt 5. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, og 15. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám,
- (2) hvort börn í þeim skólahverfum, þar sem skólaskylda hefst eigi fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, fá nægilega heimafræðslu til þess að geta fullnægt þeim námskröfum, sem gerðar eru til barna á því ári, er þau verða skólaskyld, en gera skal námsstjóri skólanefnd og fræðslumálastjóra aðvart, ef hann telur þörf úrbóta,
- (3) hvort í skólahverfinu eru börn á fræðsluskyldualdri, sem ekki eiga samleið með öðrum börnum vegna:
 - a) sjóndepru eða blindu,
 - b) málhelti eða málleysis,
 - c) tornæmi eða fávitaháttar,
 - d) af öðrum ástæðum.Sé svo, ber að gera skrá yfir þessi börn, greina frá ástæðum og hlutast til um, að þau fái notið þeirrar aðstöðu í skóla sínum eða utan hans, sem lög og námsskrá gera ráð fyrir.
- (4) hvort skólar starfi tilskilinn tíma.

12. gr.

Námsstjóri athugi eftir föngum, hvernig háttað er námi þeirra nemenda, sem hafa fengið undanþágu frá skólaskyldu lögum samkvæmt.

13. gr.

Varðandi skólahúsnæði ber námsstjóra að athuga:

- (1) hvort rými skólahúss sé fullnægjandi og hvernig því sé við haldið utan og innan,
- (2) hvernig til hefur tekizt um val kennslustaða, þar sem ekki er kennt í skólahúsi. Í því sambandi athugist, hvort kennslustaðir hafa verið valdir þannig, að ekki sé ástæða til breytinga, einkum þar sem um farkennslu er að ræða.

Telji námsstjóri kennslustaði þá, sem notaðir eru, ófullnægjandi eða óhagkvæma til skólahalds, skal hann gera skólanefnd eða fræðslumálastjóra aðvart um það og leggja fram tillögur sínar.

14. gr.

Námsstjóri kynni sér aðstöðu nemenda til útileikja í stundahléum og geri tillögur, ef breytinga er þörf.

15. gr.

Námsstjóra ber að líta eftir því, að aðbúð nemenda og kennara í skólanum fullnægi þeim kröfum, sem gera verður í þeim efnum.

16. gr.

Námsstjóri kynni sér, hvort skólinn hefur nauðsynleg kennslutæki, og líti eftir því, að til sé í skólanum skrá yfir nothæf áhöld, sem skólinn á.

17. gr.

Námsstjóri athugi, hvort nemendur hafa fengið þær námsbækur, sem þeir þurfa að nota, svo og önnur nauðsynleg gögn við námið.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu, og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

18. gr.

Námsstjóri skal hlýða á kennslu í skólum eftir föngum og ræða við kennara um framkvæmd hennar, kynna þeim nýjungar í kennslustörfum og leiðbeina þeim eftir ástæðum við skólastarfið.

19. gr.

Varðandi námsefni skal námsstjóri athuga, hvort farið er eftir gildandi námskrá eins og þar er ætlað til í meginatriðum. Enn fremur athugi hann, hvort skipting kennslustunda milli námsgreina sé hagkvæm með tilliti til aldurs og þroska nemenda.

20. gr.

Til þess að komast að raun um, hvernig nemendur eru á vegi staddir í námi, getur námsstjóri haldið eða látið halda könnunarpróf. Einkum nái þessi próf til islenzku og reiknings.

Á ferðum sínum athugi námsstjóri verkefni og úrlausnir nemanda á vorprófi, svo og hvort haldin hafa verið skyndipróf á skólatímanum og þá hvernig þeim var háttað. Telji námsstjóri ástæðu til, skal hann veita kennurum leiðbeiningar um próf og gerð prófverkefna.

21. gr.

Virðist námsstjóra, að aga eða stjórn skóla sé ábótavant, ber honum að kynna sér ástæður fyrir því og ræða við skólastjóra, kennara og skólanefnd og gera ráðstafanir til úrbóta, eftir því sem hann telur fært. Telji hann ástandið mjög alvarlegt, skal hann gera fræðslumálastjóra aðvart.

22. gr.

Námsstjóri efli samstarf heimila og skóla, m. a. með því að stofna til foreldrafunda í samráði við stjórn skólans, þar sem hann flytur erindi um skóla- og uppeldismál eða fær aðra til þess.

23. gr.

Námsstjóri skal kynna sér og leiðbeina um félagsstarfsemi nemenda innan skólans í nánum tengslum við sjálft skólastarfið, í því augnamiði að efla félagsþroska nemenda og temja þeim góða umgengnishætti.

Enn fremur skal námsstjóri leita upplýsinga um nám og félagsstörf nemenda utan skólans og gera skólastjórn aðvart, ef hann telur slík störf krefjast of mikillar starfsorku og nemendur þurfi að vanrækja skólastarfið þess vegna.

24. gr.

Komist námsstjóri að raun um, að ágreiningur sé um málefni skólans milli þeirra aðila, sem starfa í skólanum eða annarra, sem hlut eiga að máli, skal hann kynna sér málavöxtu og hlutast til um lausn á þeim vandamálum, er ágreiningi valda. Skal í þeim efnum gætt, að fylgt hafi verið ákvæðum erindisbréfa, ef til eru fyrir viðkomandi aðila. Verði ágreiningur ekki leystur, skal námsstjóri gera fræðslumálastjóra aðvart.

III. KAFLI

Ýmislegt.

25. gr.

Námsstjóri hefur rétt til setu á skólanefndar- og fræðsluráðsfundum. Einnig getur hann óskað eftir fundi með sömu aðilum, þegar hann telur ástæðu til.

26. gr.

Námsstjóri getur, er honum þykir henta, boðað skólastjóra og kennara til fundar til þess að ræða um skólastarfið. Námsstjórar í sérgreinum sækja þessa fundi, eftir því sem við verður komið.

27. gr.

Námsstjóri skal að jafnaði heimsækja hvern skóla á sínu svæði einu sinni á ári, meðan skólinn starfar. Þó skal hann láta sitja í fyrirrumi að heimsækja þá skóla, sem hafa nýliðum á að skipa, hvort heldur er um kennara eða skólastjóra að ræða, svo og ef skóli þarf sérstakrar aðstoðar eða athugunar við.

28. gr.

Námsstjórar skulu athuga og veita leiðbeiningar, ef með þarf, um skýrslugerðir í skólum, svo sem dagbækur, nemendaskrár, prófskýrslur, skólahaldsskýrslur o. þ. h.

29. gr.

Námsstjóri lætur fræðslumálastjóra í té umsögn sína um störf skólastjóra og kennara, eftir því sem hann telur ástæður til vegna starfsemi viðkomandi skóla, svo og ef fræðslumálastjóri óskar þess.

Námsstjóri skal láta skólanefnd eða fræðslumálastjóra í té umsögn um umsækjendur um skólastjórastöður í sínu umdæmi.

30. gr.

Á þeim tíma, sem skólar ekki starfa, skulu námsstjórar m. a. starfa að skipulagningu og umsjá námsskeiða fyrir kennara, skýrslugerðum, áætlunum í þágu skólamála o. fl., er fræðslumálastjóri kann að fela þeim og samrýmist aðalstarfi þeirra.

31. gr.

Í lok hvers árs gerir námsstjóri heildarskýrslu til fræðslumálastjóra um ferðir sínar og helztu atriði, sem hann telur máli skipta fyrir viðkomandi skólahverfi. Skal þar getið m. a. um þau vandamál, er hann hefur leyst eða átt þátt í að leysa — í viðkomandi skólahverfi, svo og önnur mál, sem hann telur þörf á að taka til meðferðar.

32. gr.

Þeir, sem ráðnir eru til að gegna störfum námsstjóra á barnafræðslustigi skulu hafa lokið almennu kennaraprófi eða sérkennaraprófi, ef um námsstjóra í sérgrein er að ræða, og hlotið starfsreynslu sem kennarar eða skólastjórar. Þeir, sem ráðnir eru námsstjórar í einstökum greinum á gagnfræðastigi, skulu auk sérfræðipækkingar í viðkomandi greinum, hafa hlotið starfsreynslu sem kennarar eða skólastjórar.

33. gr.

Námsstjórar í sérgreinum og einstökum bóklegum námsgreinum annast leiðbeiningar og eftirlit með kennslu og prófum og öðru, er varðar námsgrein þeirra, en eru undanþegnir þeim ákvæðum reglugerðar þessarar, er varða skólaskipan, skólasókn og störf skólanna almennt. Þeir skulu hafa samstarf við aðra námsstjóra eftir því, sem ástæður leyfa og hentar á hverjum tíma.

Menntamálaráðuneytið getur sett námsstjórum í einstökum námsgreinum erindisbréf, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

34. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði um ráðningu námsstjóra taka ekki til þeirra námsstjóra, sem hafa veitingu fyrir störfum sínum við setningu þessarar reglugerðar.

Ákvæði 1. gr. um skiptingu þess svæðis, sem nú er Suðurlandssvæði, í tvö svæði, koma ekki til framkvæmda, meðan núverandi námsstjóri á Suðurlandssvæði gegnir starfi. Fræðslustjórinn í Reykjavík gegnir störfum námsstjóra á Reykjavíkursvæðinu, eftir því sem því verður við komið. Meðan þessi skipan er í gildi, er heimilt að verja launum námsstjóra í Reykjavík og á öðru Suðurlandssvæðinu til sérnámsstjórnar á barna- og gagnfræðastigi.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanáám og lögum nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. ágúst 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.